

EFTIRLITSSKÝRSLA



UMHVERFISSTOFNUN

Silfurstjarnan í Öxarfirði Silfurstjarnan Núpsmýri og Sigtún, klakstöð

Dags eftirlits	31.10.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Silfurstjarnan í Öxarfirði	Fulltrúi UST	
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6107881579	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Benedikt Kristjánsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar. Beðið er eftir niðurstöðu undanþáguumsóknar til Umhverfisstofnunarinnar v. gr. 2.6 í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og bent á skiladaga skv. því. Öllum gögnum sem skila ber skv. starfsleyfi hefur verið skilað á réttum tíma. Farið var yfir niðurstöður mælinga í síðasta eftirliti og voru gildin innan marka starfsleyfis.

Rekstraraðili sótti um undanþágu frá ákvæði gr. 2.6 í starfsleyfi, sem kveður á um að dæla skuli seyru upp úr settjörnum áður en safnrými er fyllt, til Umhverfisstofnunarinnar þann 10. september sl. en svar hefur enn ekki borist. Ýtt hefur verið á eftir erindinu. Óskað var eftir leyfi til að losa seyruna út í Brunná og ef leyfi fæst þá er stefnt á að dæla upp úr tjörnunum þegar hæst er í ánni haustið 2015.

Rætt var um áframhald rannsóknar VAXNA verkefnisins, Aur í áburð. Niðurstöður þeirrar rannsóknar gefa vonir um að hægt sé að nýta seyruna til áburðargjafar. Framhaldsvinna við verkefnið mun hefjast á vorönn og verður hún tekið sem BSc. nemaverkefni. Skoðað verður með hvaða aðferðum hagkvæmast sé að ná upp seyrunni, geyma hana og útbúa til flutnings en ánægja er meðal bænda sem hafa nýtt sér seyruna og óska þeir eftir því að fá að nýta hana frekar.

Gengið var um eldisstöðina og frárennsli skoðað. Fóðurleifar sáust í botninum á settjörnninni, meira en verið hefur, en enga óeðlilega lykt var að finna frá tjörnunum. Ekki var að sjá neina óeðlilega gróðurmyndun eða úrgang við frárennslið út í Brunná. Mikið var um fugl við útrásina í Brunná, eða um 100 fuglar. Rekstraraðili skoðar ástæður þess að fóður sé að fara út úr stöðinni en sjálfvirk fóðurkerfi er í öllum kerum sem stillt er af mjög reglulega. Ekki var að sjá fitubræk frá fituskilju og er hún losuð einu sinni á ári og var síðast losað 4. júlí, als 7.200L.

Ekki var farið í eldisstöðina í Sigtúni að þessu sinni.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Hingað til hefur allt slóð farið í urðun á Kópaskeri. Verið er að vinna að því að minnka vatnsmagn úr slóginu til þess að hægt verði að senda það til mjölvinnslu. Sjálfdaður fiskur sem háfaður er upp fer í vinnslu á refafóðri.

Verið er að bora nýjar tilarunaholur út við sjóinn. Vonast er til þess að hægt verði að auka seltuna í eldisvökvanum og að með nýjum holum verði komið í veg fyrir vandamál vegna uppsöfnunar sands sem á það til að stífla rennslið í núverandi borholum.

Silfurstjarnan er á hættusvæði vegna flóða í tengslum við eldgosíð í Holuhrauni. Leyfi hefur verið fengið frá almannavörðunum um að manna stöðina með lágmarksmannafla komi til flóðs, svo lengi sem hægt sé að forða sér af svæðinu með góðu móti.

Minnt var á að halda skuli samráðsfund í tengslum við eftirlit næstar árs.

Vegna óveðurs og engra flugsamgangna þann dag er eftirlitið fór fram, fór einungis einn eftirlitsmaður í eftirlitið að þessu sinni.

Reykjavík, 04.11.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.